

1929 nr. 48 14. júní**Lög um laganeftnd**

Tóku gildi 12. september 1929. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

■ **1. gr.** [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganeftnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

¹⁾ L. 126/2011, 6. gr.

■ **2. gr.** Laganeftnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar

um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

■ **3. gr.** Laganeftnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherslu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

□ Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

■ **4. gr.** Kostnaður við störf laganeftndar og útgáfu lagasafns bess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.